

Ár 2011, föstudaginn 7. október, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Svanhildi Kaaber, Jónasi Þór Guðmundssyni, Kolbeini H. Stefánssyni, Rannveigu Sigurðardóttur og Vilhjálmi H. Vilhjálmsyni.

Fyrir var tekið:

**Að skera úr um hvort ákvörðun um laun og starfskjör skrifstofustjóra á Hagstofu Íslands heyrir undir kjararáð**

**I.**

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 47/2006, sbr. 1. gr. laga nr. 168/2007, er verkefni kjararáðs að ákveða laun og starfskjör þjóðkjörinna manna, dómara, ráðherra, ráðuneytisstjóra og skrifstofustjóra í Stjórnarráði Íslands, forstöðumanna ríkisstofnana og annarra ríkisstarfsmanna, sem svo er háttað um að þau geta ekki ráðist með samningum á venjulegan hátt vegna eðlis starfanna eða samningsstöðu. Fullskipað kjararáð ákveður laun forseta Íslands samkvæmt 1. gr. laga nr. 10/1990 um laun forseta Íslands, þingfararkaup samkvæmt lögum nr. 88/1995 um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað, og launakjör ráðherra, hæstaréttardómara og héraðsdómara, sbr. 3. gr. laga um kjararáð. Kjararáð skipað þremur mönnum ákveður laun og starfskjör ríkisstarfsmanna sem ekki falla undir 3. gr. og svo er háttað um að laun þeirra og starfskjör geta ekki ráðist með samningum á venjulegan hátt vegna eðlis starfanna eða samningsstöðu, sbr. 4. gr. laganna. Fullskipað kjararáð sker úr um það til hverra ákvörðun launa og starfskjara samkvæmt 4. gr. skuli ná í nánari atriðum en þar greinir, sbr. 5. gr. laga um kjararáð. Með úrskurði kjararáðs nr. 2007.5.010 frá 7. júní 2007 ákvað ráðið að það heyrði ekki lengur undir það að ákveða laun og starfskjör skrifstofustjóra í Stjórnarráði Íslands. Með áður nefndum lögum nr. 168/2007 var ákvörðunarvald um laun og starfskjör skrifstofustjóra í Stjórnarráði Íslands aftur fært til kjararáðs.

Hagstofa Íslands var ráðuneyti í Stjórnarráði Íslands til loka ársins 2007 og heyrði ákvörðun um laun og starfskjör skrifstofustjóra á Hagstofu Íslands undir kjararáð allt til 7. júní 2007 er kjararáð ákvað að ekki skyldi lengur heyra undir það að ákveða laun skrifstofustjóra í Stjórnarráði Íslands. Með lögum nr. 163/2007 um Hagstofu Íslands og opinbera hagsýslugerð var Hagstofu Íslands breytt í sjálfstæða stofnun. Sú breyting tók gildi 1. janúar 2008. Frá þeim tíma hefur ákvörðun um laun og starfskjör skrifstofustjóra á Hagstofu Íslands ekki heyrir undir kjararáð.

**II.**

Með bréfi dagsettu 22. desember 2010 óskuðu þrír skrifstofustjórar á Hagstofu Íslands eftir því að kjararáð úrskurðaði um laun og starfskjör þeirra. Í bréfinu sagði að fram til ársins 2007 hefðu þeir verið skrifstofustjórar í Stjórnarráði Íslands og starfskjör þeirra samkvæmt ákvörðun kjararáðs, enda hefði Hagstofa Íslands haft stöðu ráðuneytis til 1. janúar 2008. Í lögum nr. 163/2007 komi fram í sérstöku ákvæði til bráðabirgða að skrifstofustjórar skuli við gildistöku laganna halda störfum sínum og starfskjörum, sbr. 2. gr. laga nr. 70/1996 og ákvæði til bráðabirgða við þau lög. Í bréfinu var vísað til greinargerðar með frumvarpinu sem varð að lögum nr. 163/2007 þar sem fjallað er nánar um inntak þessa bráðabirgðaákvæðis, en þar segir: *Hvað viðkemur störfum skrifstofustjóra er í 2. mgr. gert ráð fyrir því að þeir skuli halda störfum sínum. Lagt er til að núverandi skrifstofustjórum verði boðin sambærileg stjórnunarstörf hjá Hagstofu Íslands samkvæmt hinum nýju lögum án breytinga á starfskjörum, þ.e. á þeim kjörum sem skrifstofustjórar*

við Stjórnarráð Íslands njóta. Í því felst enn fremur að þeir teljast áfram vera skipaðir í embætti til fimm ára í senn, sbr. 23. gr. laga nr. 70/1996, eða ótímabundið þar sem það á við, sbr. ákvæði til bráðabirgða við þau lög. Er þá gert ráð fyrir að nýir stjórnendur, sem ráðnir verða í tímans rás í stað núverandi skrifstofustjóra, verði ráðnir til starfa á grundvelli ótímabundins ráðningarsamnings. Skrifstofustjórnarnir telja að úrskurður kjararáðs frá 7. júní 2007 hafi verið afturkallaður með lögum nr. 168/2007 þegar ákvörðunarvald um launakjör skrifstofustjóra í Stjórnarráði Íslands var aftur fært til kjararáðs. Þann 1. janúar 2008 hafi orðið til sjálfstæð ríkisstofnun, Hagstofa Íslands, og áður nefnt ákvæði til bráðabirgða um óbreytt starfskjör skrifstofustjóranna þriggja á Hagstofu Íslands tekið gildi. Telja skrifstofustjórnir að ráðning þeirra og starfsréttindi eigi að ákvarðast í samræmi við bráðabirgðaákvæði laga nr. 163/2007 þannig að kjör þeirra verði hin sömu og starfskjör skrifstofustjóra í Stjórnarráði Íslands.

### III.

Með bréfum dagsettum 18. janúar 2011 var fjármálaráðuneytinu, efnahags- og viðskiptaráðuneytinu og Hagstofu Íslands gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við ráðið, sbr. 6. gr. laga um kjararáð.

Í bréfi efnahags- og viðskiptaráðuneytisins, dagsettu 24. janúar 2011, voru ekki gerðar athugasemdir við óskir skrifstofustjóra á Hagstofu Íslands um að kjararáð úrskurðaði um laun og starfskjör þeirra. Í bréfi Hagstofu Íslands dagsettu 31. janúar 2011 var tekið undir óskir skrifstofustjóranna, enda óski þeir eftir að kjararáð úrskurði um starfskjör sín í samræmi við ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 163/2007 um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð. Í bréfi fjármálaráðuneytisins dagsettu 7. febrúar 2011 sagði að Hagstofu Íslands hefði verið breytt úr ráðuneyti í sjálfstæða stofnun með lögum nr. 163/2007, um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð, sem tóku gildi 1. janúar 2008. Svo sem fram komi í ákvæði til bráðabirgða með lögumum héldu skrifstofustjórar á Hagstofu Íslands störfum sínum og starfskjörum við gildistöku laganna, sbr. 23. gr. laga nr. 70/1996 og ákvæði til bráðabirgða við þau lög. Í 1. gr. laganna um kjararáð segi að verkefni ráðsins sé að ákveða laun og starfskjör þjóðkjörinna manna, dómara, ráðherra, ráðuneytisstjóra og skrifstofustjóra í Stjórnarráði Íslands, forstöðumanna ríkisstofnana og annarra ríkisstarfsmanna, sem svo er háttáð um að þau geta ekki ráðist með samningum á venjulegan hátt vegna eðlis starfanna eða samningsstöðu. Ljóst sé samkvæmt þessu að skrifstofustjórar á Hagstofu Íslands teljist ekki skrifstofustjórar í Stjórnarráði Íslands. Kjararáð þurfi því að taka til skoðunar hvort störf þeirra séu þess eðlis að þau geti ekki ráðist með samningum á venjulegan hátt vegna eðlis starfanna eða samningsstöðu.

### IV.

Eins og áður segir ákveður kjararáð samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga nr. 47/2006 laun og starfskjör ríkisstarfsmanna sem ekki falla undir 3. gr. laganna og svo er háttáð um að laun þeirra og starfskjör geta ekki ráðist með samningum á venjulegan hátt vegna eðlis starfanna eða samningsstöðu, sbr. 1. gr. sömu laga.

Í athugasemdum með frumvarpinu sem varð að lögum nr. 47/2006 um kjararáð segi að meginreglan á vinnumarkaði, hvort sem er hjá hinu opinbera eða einkaaðilum, hljóti að vera samningsfrelsi þannig að laun og starfskjör séu ákveðin í frjálsum samningum. Undantekninguna sem lögin mæli fyrir um verði að skýra þröngt. Í 4. gr. komi fram hverjir aðrir en æðstu handhafar ríkisvaldsins, sbr. 3. gr., skuli heyra undir lögin. Meginreglan sé sú að það séu þeir embættismenn og ríkisstarfsmenn sem svo er háttáð um

að laun þeirra og starfskjör geti ekki ráðist með samningum á venjulegan hátt vegna eðlis starfanna eða ólíkrar samningsstöðu. Við mat á því hverjir falli undir ákvæði 4. gr. sé eðlilegt að horfa til þess annars vegar hverjir gegni störfum sem ekki megi falla niður í verkföllum og hins vegar hverjir gegni störfum sem feli í sér fyrirsvar fyrir ríkið í samskiptum við starfsmenn í kjaramálum. Þá hefur löggjafinn í bráðabirgðaákvæði laga nr. 47/2006, ítrekað þá almennt viðurkenndu meginreglu að kjör manna séu ákveðin í kjarasamningum eftir því sem við verður komið.

Með lögum nr. 163/2007 var Hagstofu Íslands breytt úr ráðuneyti í sjálfstæða stofnun. Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða með lögunum héldu skrifstofustjórar á Hagstofu Íslands störfum sínum og starfskjörum við gildistöku laganna, sbr. 23. gr. laga nr. 70/1996 og ákvæði til bráðabirgða við þau lög. Í 1. mgr. 1. gr. laga um kjararáð nr. 47/2006 segir að verkefni ráðsins sé að ákveða laun og starfskjör þjóðkjörinna manna, dómara, ráðherra, ráðuneytisstjóra og skrifstofustjóra í Stjórnarráði Íslands, forstöðumanna ríkisstofnana og annarra ríkisstarfsmanna, sem svo er háttað um að þau geta ekki ráðist með samningum á venjulegan hátt vegna eðlis starfanna eða samningsstöðu. Eftir að Hagstofa Íslands breyttist úr ráðuneyti í sjálfstæða stofnun teljast skrifstofustjórar á Hagstofu Íslands ekki skrifstofustjórar í Stjórnarráði Íslands. Skrifstofustjórar á Hagstofu Íslands starfa undir umsjón hagstofustjóra og fara ekki með fyrirsvar fyrir ríkið í samskiptum við starfsmenn í kjaramálum frekar en almennt tíðkast um næstráðendur hjá embættum eða stofnunum ríkisins. Með vísan til framangreinds er það niðurstaða kjararáðs að starf skrifstofustjóra Hagstofu Íslands sé þess eðlis að það heyri ekki undir ráðið að ákveða laun og starfskjör þeirra.

## V.

### Úrskurðarorð

Ákvörðun launa og starfskjara skrifstofustjóra á Hagstofu Íslands heyrir ekki undir kjararáð.

---

Svanhildur Kaaber

---

Jónas Þór Guðmundsson

---

Kolbeinn H. Stefánsson

---

Rannveig Sigurðardóttir

---

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson